

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 2004

10. júní 2004

209

Nr. 64

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér, að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, sem ákveðið hefur verið, að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt á Alþingi hinn 24. maí sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí 2004 kl. 15.00.

Gjört á Bessastöðum, 10. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.